



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**47. fundur eigendafundar Strætó bs.
var haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 20. mars 2024
og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Alexandra Briem, Andri Steinn Hilmarsson, Hrannar Braji Eyjólfsson, Kristín María Thoroddsen, Lovísa Jónsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Þór Sigurgeirsson, Valdimar Víðisson, Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs., Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmastjóri SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður eigendavettvangs, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Útboð á aðkeyptum akstri strætisvagna - 2303010

Framhald umræðna frá síðasta eigendafundi. Á 41. eigendafundi samþykkti eigendavettvangur Strætó bs. fyrir sitt leyti beiðni stjórnar Strætó bs. um endurútboð á akstri almenningsvagna, á sama hluta aksturs og áður hefur verið boðinn út, til átta ára með heimild til framlengingar í tvö ár. Strætó bs. var þá falið að senda tillöguna til umræðu og afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaganna. Engin aðgengileg tilboð bárust og var því ákveðið að taka upp samkeppnisviðræður. Frekari greining málsins hefur átt sér stað hjá stjórn og stjórnendum Strætó bs. sem nú leggja til að annars vegar verði núgildandi samningar framlengdir til 1. febrúar 2025. Hins vegar að gengið verði til samninga á grundvelli samkeppnisviðræðna, á sömu forsendum og farið var í útboð, þó með þeim breytingum að samningar taki ekki til hleðsluinnviða, en Strætó bs. sjái sjálft um uppsetningu þeirra enda sé það hagkvæmari lausn og samræmist betur samkeppnissjónarmiðum.

Gestir

Sigurður Guðjón Jónsson ráðgjafi.

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi.

Guðmundur Siemsen lögmaður

Niðurstaða:

Stjórn Strætó bs. mun vinna áfram að framangreindu til samræmis við fyrirliggjandi tillögur.

Samþykkt



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:45.